APRÍL 1979

JAFNRÉTTISNEFND
NESKAUPSTAÐAR

# 3. bréf
# UM MENNTUN

Allir eru sagðir hafa jafna möguleika til náms hér á landi. Skólaganga er greidd úr sameiginlegum sjóðum.

En hvar eru skólarnir og hverjir eru hvattir til að fara í skóla?



*Nemendur á framhalds-skólastigi 1976–77 skiptust í 4.536 pilta og 3.890 stúlkur (þar af áttu 189 piltar og 116 stúlkur lögheimili á Austurlandi.)*

# HVATNINGIN

Athyglisvert er hvað karlar í Neskaupstað sýna námi dætra sinna og sona mikið áhugaleysi og skera sig þar frá körlum í hinum bæjunum. Þriðjungur svarar hreinlega ekki hvort þeir telji æskilegt að dætur þeirra eða synir færu í framhaldsnám og 10% er sama eða neikvæður.

Konurnar taka mun skýrari afstöðu.

Um 80% þeirra telja nám sona og dætra æskilegt.

## EN TIL HVERS ER NÁM?

| | |
|---|---|
| 37–42% | Kvennanna nefndu betri tekju- og afkomumöguleika. |
| 17% | nefndu betri framtíðarmöguleika í þjóðfélaginu. |
| 5% | sögðu „mennt er máttur" |
| 3½% | sögðu menntun vera þroskandi og auka manngildið |
| 10 – 14% | sögðu nám vera til að fullnægja áhuga og getu. |

**Ath.:** nær enginn taldi konur þurfa menntun til að „grípa til ef......" eða að menntun karla sé nauðsynleg vegna fyrirvinnuhlutverks þeirra.

Þau misréttisviðhorf eru sem sagt að hverfa

# FULLORÐINSFRÆÐSLA

beinist annað hvort að undirbúningi undir ákveðin störf eða er hugsuð mönnum til þroska og skemmtunar.

Spurt var um þörf á starfsþjálfun fyrir húsmæður sem vilja fara út á vinnumarkaðinn.




Athyglisvert er hvað þetta vandamál virðist stórt

Nefndar ástæður :

> veitir sjálfstraust og uppörfun
> betri starfsmöguleikar.
> starfshættir breytast ört konurnar hafa staðnað.

70 manns taka þátt í námsflokkum Neskaupstaðar á vorönn 1970. Þar af eru konur 96%.

Sýnir þetta ekki þörf og löngun kvenna til náms og þjálfunar ?

# ER MENNT MÁTTUR?




